



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Fjarðabyggð, 19. nóvember 2021
Tilvísun 2111116/13.0

Tillaga að starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða ehf á 7.000 tonna eldi í sjókvíum í Stöðvarfirði

Umhverfisstofnun hefur til meðferðar tillögu að starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða ehf. vegna 7.000 tonna hámarkslífmassa á ófrjóum laxi í sjókvíum í Stöðvarfirði. Burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar vegna Stöðvarfjarðar heimilar 7.000 tonna hámarkslífmassa og áhættumat Hafrannsóknastofnunar heimilar ekki eldi á frjóum laxi í firðinum. Áætluð áform Fiskeldis Austfjarða rúmast bæði innan burðarþolsmats og áhættumats Hafrannsóknastofnunar. Um er að ræða nýtt starfsleyfi fyrir kynslóðaskiptu sjókvíeldi í Stöðvarfirði.

Framkvæmdin fór í mat á umhverfisáhrifum og birti Skipulagsstofnun álit vegna þessa þann 4. júní 2021. Framkvæmdin rúmast innan burðarþolsmats Hafrannsóknarstofnunar fyrir Stöðvarfjörð. Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að eldið muni hafa áhrif vegna uppsöfnunar næringarefna undir og nálægt kvíum og verði talsvert neikvæð. Áhrifin muni ráðast af aðstæðum á hverjum stað og verða að mestu afturkræf með nægjanlegri hvíld svæða og ef eldi verði hætt. Í því ljósi telur Skipulagsstofnun mikilvægt að svæði séu hvíld nægjanlega og tilhögun eldisins stjórnist af raunástandi á eldissvæðum.

Umhverfisstofnun veitti umsagnir í matsferli framkvæmdarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar geta áhrif uppsöfnunar næringarefna orðið talsvert neikvæð á eldissvæðinu en afturkræf og munu því ekki hafa varanleg áhrif á ástand sjávar og botndýralíf. Eldissvæðið er hvílt milli kynslóða þannig að botninn jafni sig á milli. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu að starfsleyfi stofnunarinnar fyrir starfseminni eru ákvæði þess efnis að stofnunin geti einhliða frestað útsetningu seiða bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði og það þarfnist frekari hvíldar. Gerð er krafa um vöktun svæða í starfsleyfi sem útfærð eru í vöktunaráætlun rekstraráðila sem auglýst er með tillögu.

Umsögn Fjarðabyggðar um starfsleyfi

Sveitarfélagið Fjarðabyggð fagnar áhuga einkaaðila á atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Fiskeldi í fjörðum Fjarðabyggðar samrýmist stefnu sveitarfélagsins, en til að fiskeldi geti verið í fjörðunum út frá hugmyndum sjálfbærni hefur Fjarðabyggð markað stefnuþætti í fiskeldi og lokið við gerð nýtingaráætlunar fyrir firði Fjarðabyggðar.

Siglingaleiðir

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur



Mikilvægt er að staðsetning, framkvæmdir og vinna við fyrirhugað eldissvæði nái ekki inn á siglingaleiðir og valdi ekki truflunum á siglingum í Stöðvarfirði. Tryggja verður öryggi siglingaleiða í Stöðvarfirði, árekstrar hverskonar við eldisbúnað hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar eins og mengun, sleppingu á fiski auk eyðileggingar á sjóförum og eldisbúnaði.

Fjarðabyggð vill ítreka að tilkynna þarf Sjómælingum Íslands og Fjarðabyggðarhöfnum um staðsetningu sjókvía og ankera þegar starfsemi hefst og að úttekt á staðsetningu ankerum sjókvía fari fram og staðsetning þeirra sé opinber.

Áhrif sjókvíaeldis á efnistöku af hafsbotni

Staðsetning áformaðra eldissvæða getur haft takmarkandi áhrif á efnistöku af hafsbotni og aukið þannig kostnað við landfyllingar í framtíðinni og haft þannig neikvæð áhrif á fjárhag Fjarðabyggðarhafna og annarra aðila sem vilja nýta efnisnám á hafsbotni. Eðlilegt er að þær kvaðir séu settar á starfsemi fiskeldisfyrirtækja, við útgáfu starfsleyfis, að efnisnám sé áfram heimilt innan fiskeldissvæða, enda er efnisnám hefðbundin nýting og forsenda þess að áfram verði hægt að gera landfyllingar við hafnir með hagkvæmum hætti.

Náttúra og umhverfi

Fjarðabyggð leggur áherslu á að framkvæmdir og starfsemi vegna sjókvíaeldis í Stöðvarfirði skerði ekki möguleika ferðþjónustu né frekari uppbyggingu hennar á svæðinu heldur fremur að starfsemin verði í sátt og samstarfi við ferðþjónustuna og að umgengni á eldissvæðinu sé góð og leitast sé eftir að lágmarka sjónræn áhrif. Einnig sé horft til nálægðar þéttbýlisins á Stöðvarfirði og þannig reynt að takmarka sjónræn áhrif sem og frá ljósabúnaði með þá nálægð í huga.

Fjarðabyggð telur afar mikilvægt að hugað sé vel að lausnum vegna hávaða sem kann að berast frá fóðurprömmum og bendir á að við útgáfu starfsleyfis verði hvatt til að fyrirtækið tengist raforku um streng frá landi.

Fjarðabyggð óskar eftir því að við útgáfu starfsleyfis taki Umhverfisstofnun tillit til nálægðar sjókvía við nærliggjandi ósa veiðiár og fjöruvistgerða.

Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á laxi í Stöðvarfirði á 7.000 tonnum bendir stofnunin á, út frá umsögnum og áliti annarra fagstofnanna, að skilyrða skuli í starfsleyfi vöktun á nokkrum umhverfisþáttum til að tryggja upplýsingaöflun um áhrif eldisins á vistkerfi Stöðvarfjarðar. Jafnframt verði niðurstöðuskýrslur vöktunar og eftirlits opinberar. Fjarðabyggð óskar eftir því við Umhverfisstofnun að tekið verði tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar og setji þau skilyrði sem hvatt er til að verði í starfsleyfinu þ.e.; vöktun á ástand sjávar, vöktun á botndýralífi þ.e. að hvíldartími undir sjókvíum sé nægilegur, vöktun á erfðablöndum í tengslum við útsetningu seiða, vöktun vegna laxalúsar og fiskilúsar og vöktun á fuglalífi í nágrenni eldissvæða.



Efnahagur og samfélag

Fjarðabyggð hefur samþykkt stefnuþætti fyrir fiskeldi og unnið að nýtingaráætlun fyrir firði sveitarfélagsins og eru þau gögn meðfylgjandi umsögn þessari. Ástæður þeirrar vinnu að móta stefnuþætti og vinna að nýtingaráætlun var að móta stefnu fyrir hafnsækinnar starfsemi. Unnið var út frá áherslum og hagsmunum samfélagsins og mikilvægi varðveislu ósnortinnar náttúru. Þar kemur m. a. fram að fiskeldi skuli verða bundið við þá firði sem eru í byggð, þar sem atvinnustarfsemi fer fram. Hvatt er til sjálfbærrar nýtingar og að stærð eldis markist af burðarþols- og áhættumati hvers fjarðar. Að auki er gerð krafa um að efnahagslegur og samfélagslegur ábati af fiskeldinu nýtist sveitarfélaginu til framtíðar, flest störf í landi eru í tengslum við slátrun eldisfisksins en slík slátrun er ekki í sveitarfélaginu svo þetta markmið í stefnu Fjarðabyggðar er ekki að fullu uppfyllt. Því telur sveitarfélagið Fjarðabyggð að nauðsynlegt sé að farið verði í endurskoðun á tekjustofnum þannig að sveitarfélögum þar sem eldi fer fram í fjörðum þess í sjókvíum, en ekki slátrun eldisfisks, sé tryggð hlutdeild í tekjustofnum til að standa undir fjárfestingum við hafnir og innviði sem þurfa að fylgja eldinu.

Jón Björn Hákonarson

bæjarstjóri

